

## BÆJAR- OG HÉRAÐSBÓKASAFNIÐ

### HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ

#### ÍSAFIRÐI

ÁRSSKÝRSLA 1995 ([1994](#))

#### ÚTDRÁTTUR:

##### BÓKASAFNIÐ:

##### ÚTLÁN:

Útlán bókasafnsins voru 29.711 á árinu, sem er 4,5% aukning frá fyrraári. Mest var lánað út af fræðiritum, um 40%, útlán skáldrita voru 35% og barnaefni um 25%.

##### UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA:

Heimildaleitir voru liðlega 2.000 og upplýsingabeirðir um 9.000 á árinu.

##### SAFNGESTIR:

Áætlað er að um 20.000 gestir hafi komið í bókasafnið á árinu.

##### SKRÁNING:

Á bókasafninu er nú unnið að uppbyggingu tölvuskrár yfir allar bækur í söfnum í héraðinu, bæði hreppssafna og safna í skólum og stofnunum.

##### SAFNKOSTUR:

Bókageymsluforsafnsins er nú 68.154 bindi samkvæmt aðfangaskrá. Utan aðfangaskrár eru um 5.000 bindi, alls er safnkosturinn því um 73.000 b.

Langt er komið vinnu við endurflokkun og uppsetningu á um 25.000 bóka í hillur í bókageymslum í Gamla sjúkrahúsinu (um 500 hillumetrar).

##### GAGNABANKAR:

Bókasafnið er í beinu tölvusambandi við öll stærstu bókasöfn landsins, Íslenska menntanetið auk erlendra gagnabanka um Internetið.

Safnið hefur jafnframt aðgang að gagnasafni Morgunblaðsins og DV.

##### HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ:

Öllu safninu hefur nú verið komið fyrir Gamla sjúkrahúsinu. Unnið er að skráningu og pökkun skjalanna í sýrufriar umbúðir, jafnframt því sem unnið er að söfnun skjala í héraðinu. Lokið flutningi á öllu filmusafninu í húsið og frágangi í sérstakar umbúðir og hillur (um 82.000 filmur og myndir).

### GAMLA SJÚKRAHÚSIÐ:

Engar framkvæmdir voru við húsið á árinu, enda veitti bæjarsjóður engu fé til þess. Rúmlega 3 milljónum kr. (allt styrkir) hefur ekki verið ráðstafað, m.a. vegna þess að framkvæmd fyrir þessa upphæð myndi ekki nýtast söfnunum að svo stöddu, og aðrar fjárveitingar ekki fyrirsjáanlegar til endurbyggingar hússins. Vonir standa nú til þess að Bæjarsjóður Ísafjarðar veiti á næsta ári umtalsverðu fé til hússins, enda er það inn á framkvæmdaáætlun næstu ára. Húsafríðunarsjóður hefur gefið vilyrði fyrir styrkjum til verksins.

Kostnaðaráætlun vegna endurbyggingar hússins hljóðar upp á um 50 milljónir kr. Tekist hefur að afla styrkja að upphæð 10 milljónir úr ýmsum opinberum sjóðum.

### BÓKASAFNIÐ:

#### ÚTLÁN:

Á árinu voru heildarútlán bókasafnsins 29.711 bindi, en voru 28.455 árið 1994, sem er um 4,5% aukning. Í aðalsafni voru útlánin 25.31 (23.990), í Hnífsdalssafni voru útlánin 493 (738), og til stofnana o.fl. voru útlán 3.483 (3.727) bindi. Mest aukning hefur verið í útlánum á fræðiritum, en hlutfall skáldrita fer minnkandi.

Útlán á hvern íbúa bæjarins eru 8.5 (8.1) eint./íb.

Bent er á að framangreindar útlánatölur eiga eingöngu við um rit sem eru lánuð út af safninu - lán á lesstofu, leskróka, handbókalán, blaða- og tímaritalán o.þ.h. eru ekki talin með. Áætlað er að þessi innanhússnotkun nemi u.þ.b. 50% af útlánum safnsins.

#### MILLISAFNALÁN:

Rit lánuð öðrum söfnum voru 2 (8), og rit fengin að láni voru 68 (67). Bækur lánaðar öðrum söfnum voru 2. Hljóðbækur fengnar að láni voru 270 (336). Samtals 340 millisafnalán (411).

#### ÖNNUR ÚTLÁN:

Auk venjulegra útlána voru 451 (308) bækur sendar íbúum sýslunnar í pósti. Í stofnunum voru lánaðar út 3.546 bækur (3.241). Önnur sérútlán m.a. til skipa voru 181 (285). Alls voru þessi útlán 4.178 (3.834)

#### SÖGUSTUNDIR:

28 sögustundir fyrir börn voru á árinu (29) og komu 215 börn (296).

#### PANTANIR:

Á árinu voru afgreiddar 266 (240) pantanir á bókum (vegna lána).

#### LÁNÞEGAR:

Áætlað er að lánþegar sem koma í safnið að staðaldri séu um 700.

#### SAFNGESTIR:

Áætlað er að um 20.000 gestir hafi komið í safni á árinu, sem er svipað og s.l. ár.

#### SKRÁNING:

Bókasöfn í eftirtöldum sveitarfélögum í héraðinu hefa verið skráð í tölvukerfi safnsins hér: Nauteyrarhr.(Laugaland), Reykjarfjarðarhr., (Reykjanes), Súðavíkurrhr., Flateyrarhr., Mýrahr. (Ingjaldssandi) auk þess sem bókasafn Bolungarvíkur er skráð í sama kerfi. Unnið er að því að skrá

safnið á Suðureyri, og áætlað að skrá söfnin í Dýrafirði í kerfið á næstunni auk safnsins í Holti. Allur innlendi bókakostur aðalsafnsins, útgefinn eftir 1987, og erlendar útlánabækur eru skráður í tölvukerfi, auk þess sem safnkostur Grunnskólans og Fræðslukrifstofunnar er skráður í kerfið, en þessar stofnanir hafa búnað til að leita í skrá safnsins. Unnið er að skráningu eldri rita safnsins hér samtímis endurflokkun og uppröðun í geymslur á Gamla sjúkrahúsinu. Fyrirhugað er samstarf við Fjórðungssjúkrahúsið um skráningu bóka og tímarita sjúkrahússins í þetta sama kerfi og hugsanlega Framhaldsskólann.

Þessi samvinna safnanna í héraðinu er til afar mikils hagræðis og sparnaðar og auðveldar alla heimildaöflun.

#### SAFNKOSTUR:

Í árslok taldist safnkosturinn 68.154 eintök, en var (67.137) í ársbyrjun.

Aukningin var 1.017 eintök, miðað við 718 s.l. ár.

Bækur gefnar safninu voru 123, miðað við 13 s.l. ár.

Afskrifaðar voru 278 bækur (143 s.l. ár) og 51 bók var bundin inn. Heildarsafnkosturinn er um 73.000 bindi þar sem nokkuð er til af óskráðu efni.

Meginhluta safnkostsins (um 40.000 bindi) hefur verið komið fyrir í Gamla sjúkrahúsinu og er unnið er að endurflokkun og uppröðun þessara bóka í hillur í kjallara hússins.

#### GAGNABANKAR:

Safnið hefur s.l. 6 ár haft tölvusamband við erlenda gangabanka (DIALOG), þar sem hægt er að leita upplýsinga um hvaðeina. Safnið hefur einnig aðgang að GEGNI, (þ.e. skrá Landsbókasafns, Háskólabókasafns auk fleiri ríkissafna). Einnig hefur safnið undanfarið 3 ár haft aðgang að INTERNETinu, sem er. Safnið hefur einnig aðgang að gögnum hjá SKÝRR, m.a. bókaskrár Borgarbókasafns, Landsspítalans, RÚV, Skólasafnamiðstöðvar Reykjavíkur, DV auk Þjóðskrár o.fl. Safnið hefur jafnframt aðgang að gagnasafni Morgunblaðsins hjá STRENG. Þannig hefur safnið nú beinan aðgang að nánast öllum heimildum í söfnum innanlands og mörgum erlendis, gögnum sem hægt er að útvega með skömmum fyrirvara með millisafnalánum eða ljósritum, ef ekki beint um tölvusamband - þessi aðstaða gerir safninu kleift að veita betri þjónustu en áður, sambærilega og hægt er að veita í stórum söfnum á höfuðborgarsvæðinu.

#### STARFSLIÐ:

Sama og s.l. ár: Edda B. Kristmundsdóttir, bókasafnsfræðingur (66%), Elín Magnfreðsdóttir, bókavörður (66%), Jóhann Hinriksson, forstöðumaður (100%) og Þórdís Þorleifsdóttir, bókavörður (66%). Jóna Símonía Bjarnadóttir sagnfræðingur vann við afleysingar.

#### ÚTLÁNATÍMAR:

Frá 1. jan. til 1. júní og frá 1. okt. til 31. des. var safnið opið 27 klst. á viku (virka daga kl. 15-20 og laugard. 15-17), frá 1. júní til 1. okt. var safnið opið 19 klst. á viku (virka daga kl. 16-19, laugardaga 15-17) Safnið í Hnífsdal var opið 4.30 klst. á viku í jan.- maí.

#### STOFNANIR:

Þjónusta við stofnanir (þ.e. sjúkrahús, elliheimili, dvalarheimili (Hlíf), fræðslukrifstofa, dagheimili og hótelið) var með svipuðum hætti og undanfarið. Aðallega er um að ræða útlán bóka, skráning og frágangur/viðhald bóka.

#### SKÓLAR:

Eins og áður hefur safnið séð um skráningu og flokkun bóka Grunnskólans í tölvukerfi safnsins, en skólinn hefur aðgang að þessum skrár í tölvu skólasafnsins. Framhald var á safnkynningu fyrir nemendur Grunnskólans í samvinnu við skólasafnvörð.

Bókasafnið hefur sinnt þörfum nemenda Framhaldsskólans fyrir ítarefni (bækur / tímaritsgreinar o.fl.) að verulegu leiti, en mikið vantar á skipuleg vinnubrögð af hálfu skólans við þetta starf. Með auknu

húsrými og tölvubúnaði bókasafnsins má stórbæta þessa þjónustu og auka hagkvæmni. Jafnframt er eðlilegt að Framhaldsskólinn taki þátt í kostnaði við þessa samvinnu eins og aðrar stofnanir.

### HREPPSBÓKASÖFN:

Samstarf við þessi söfn var með líku sniði og undanfarin ár. Lokið er skráningu flestra safnanna í tölvukerfi safnsins hér og unnið að skráningu safnsins á Suðureyri, eftir eru söfnin í Holti og söfnin í Dýrafirði. Með þessu móti er hægt að hafa yfirlit yfir allan bókakost héraðsins og stórbæta nýtingu og þjónustu, auk þess sem útprentun úr þessari skrá auðveldar bókavörðum í hreppsbókasöfnunum alla leit að ritum.

### HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ:

Mikil aukning hefur verið undanfarið í starfsemi safnsins við söfnun og frágang skjala. Fyrirspurnum varðandi skjalaheimildir hefur fjölgað mikið.

Jóna Símónía Bjarnadóttir, sagnfræðingur, vann við safnið í 67% starfi.

Unnið var áfram að söfnun skjala og athugun á ástandi í skjalageymslum í héraðinu, unnið er að því að fara í gegnum öll skjöl safnsins og búa um að nýju í geymslum í Gamla sjúkrahúsinu. Mikið hefur borist af skjölum (m.a. frá Bæjarsjóði Ísafjarðar) og standa vonir til þess að hægt verði að búa um þau og skrá á næsta ári (1996).

S.l. haust afhenti Sögufélag Ísfirðinga safninu úrklippusafn Sigurðar Kristjánssonar frá Súðavík, samtals 10 möppur og er að því góður fengur.

Í árslok 1995 voru færslur í aðfangabók orðnar 1.910 (1.300).

Unnið er að undirbúningi tölvuskráningar skjalasafnsins, m.a. hefur Netagerð Vestfjarða útvegað safninu tölvu til verksins, en reiknað er með að nota samskonar hugbúnað og Þjóðskjalasafnið notar við skráninguna. Áætlað er að það verk fari í gang á árinu 1996.

Stöðugt vaxandi annir eru við afgreiðslu myndasafninu.

Framhald varð á átaksverkefni síðastliðið haust og þá m.a. unnið við frágang og umbúnað á ljósmyndum Byggðasafnsins sem skjalasafninu voru afhentar. Þetta verkefni stóð til áramóta og kláraðist að ganga frá öllu safninu, sem reyndist vera liðlega 11.800 myndir, en hluti af því voru filmur. Í ljósmyndadeild safnsins eru nú um 82.000 filmur og ljósmyndir.

### GAMLA SJÚKRAHÚSIÐ:

Engar framkvæmdir voru við Gamla sjúkrahúsið á árinu. Rúmlega 3 milljónum kr. styrkjum til endurbyggingarinnar er enn óráðstafað enda fyrirsjáanlegt að framkvæmdir fyrir þessa upphæð myndi ekki nýtast söfnunum að svo stöddu. Knútur Jeppesen arkitekt hefur unnið að endurhönnun hússins og eru væntanlegar tillögur að innra skipulagi á næstunni. Í áætlunum um endurbyggingu Gamla sjúkrahússins er gert ráð fyrir að húsið haldi sinni upprunalegu mynd eftir því sem mögulegt er.

Kostnaðaráætlun vegna endurbyggingarinnar er um 50 milljónir kr.

Fram til þessa hefur tekist að fá styrki og framlög upp á tæpar 10 milljónir. Þessum styrkjum hefur verið ráðstafað í endurnýjun hitakerfis, rafkerfis (hluta), drenlagna, rif bráðabirgðainnréttinga og tækja, einnig til lagfæringa í geymslum o.fl., auk hönnunar, en rúmlega 3 milljónum er enn óráðstafað eins og að framan greinir.

Húsafriðunarsjóður hefur gefið vilyrði fyrir áframhaldandi styrkjum til verksins.

Vonir standa til þess að Ísafjarðarkaupstaður veiti verulegu fé til Gamla sjúkrahússins á næstu 2 árum, þannig að hægt verði að flytja alla starfsemi safnanna í húsið.

### STJÓRN:

Í stjórn Bæjar- og héraðsbókasafnsins og Héraðsskjalasafnsins eru eftirtaldir:

af hálfu Ísafjarðarkaupstaðar:

Ásgeir S. Sigurðsson, Urðarvegi 60, formaður  
Bryndís Friðgeirsdóttir, Hlíðarvegi 37  
Hrönn Benónýsdóttir, Aðalstræti 22  
Magni Ö. Guðmundsson, Seljalandi

af hálfu hreppa:

Friðgerður Baldvinsdóttir, Súðavík  
Marías Þórðarson, Suðureyri  
Magnea Guðmundsdóttir, Flateyri

Ísafirði, 11. apríl 1996

Jóhann Hinriksson